



Minnisblað 01 Umhverfis- og Mannvirkjasvið

Efni: Framkvæmdaráætlun við gilsbakkaveg.

Minnisblað nr.: 01

Dags.: 02.12.2019

Sótt var um breytingu á brekkunni við Gilsbakkaveg (í portinu hjá Listasafni). Ástæða breytingar var að nauðsyn þykir að fara laga brekkuna. Samhliða því á að setja smá stoðvegg við listasafn og koma hurð úr lokuðu rými þar út, sem við teljum góða ástæðu til ef kæmi til bruna.

Áhyggjur hafa skapast að þetta leiði til þess að það þurfi að loka götunni sem telst slæmt því þetta er aðkoma heilsugæslu. Við teljum að svo sé ekki. Verksvæðið við Gilsbakkaveg verður varið með girðingum og lagt er upp með að umferð (akandi og gangandi) komist framhjá á meðan á framkvæmdum stendur. Hinsvegar er gert ráð fyrir að Gilsbakkavegurinn verði lokaður einhverja dagparta á meðan að framkvæmdum stendur við stoðvegginn. Svipaðar lokanir og þegar stoðveggur neðar í götunni var endurgerður fyrir 9 árum. Í þeirri endurgerð stóðu lokanir stutt yfir í einu, s.s. meðan steypubíll var við vinnu o.p.h. Á meðan að lokunum stendur er alltaf hægt að komast niður Oddagötuna og að inngangi heilsugæslunnar. Komi upp sú staða að fyrirséð er að gatan lokist um lengri tíma er alltaf svigrúm til að útbúa snúningshaus allra neðst í Gilsbakkaveginum. Tryggja þannig að bílar sem fara niður Oddagötuna geti snúið við.

Reiknað er með að framkæmdin taki um 1-2 mánuði?

Ekki er reiknað með að þessi framkvæmd verði gerð fyrr en síðla næsta árs.